



**Andri Fannar Ævarsson** sem er 18 ára og keppir að öllu jöfnu í -90 kg flokki var valinn **efnilegasti Judomaður JR 2020**. Hann sleit krossbönd um mitt ár í fyrra og missti því af fjölda móta það árið. Hann var sérlega duglegur að vinna í sinni endurhæfingu og fór í sjúkraþjálfun, tók lyftingaæfingar og æfði þrek og tækni eins og honum var fært og um leið og hann mátti var hann mættur á judo æfingu. Hann var ótrúlega fljótur að ná sér og var mættur til keppni í byrjun árs 2020. Hann sigraði örugglega á Afmælistóti JSÍ í febrúar 2020 í U21 í -90 kg flokki. Á Haustmóti JSÍ þurfti hann að keppa flokk upp fyrir sig og keppti því í -100 kg flokki en meiddist í fyrstu glímu og varð að hætta keppni en það voru þó ekki alvarleg meiðsli og er hann aftur mættur til leiks. Hann hefur verið einkar duglegur að mæta á aukaæfingar hvort heldur það eru lyftingaæfingar, þrek eða tækniæfingar og er hann öðrum til fyrirmyndar.

### **Helsti árangur 2020**

Afmælistót JSÍ	-90 kg U21	1. sæti
Haustmót JSÍ	-100 kg U21	2. sæti